




## Akraneskaupstaður



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
26.21	Gjó	- 9 AUG. 2016
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
RÁ	SPH	1608039

Sveitastjórn Akraneskaupstaðar  
Regína Ásvaldsdóttir  
Stillholti 16-18  
300 AKRANESI

Reykjavík 9. ágúst 2016

## Ágæta sveitarstjórn

Búnaðarþing 2016 samþykkti eftirfarandi ályktun:

## Fjallskil

## Markmið

Að sveitarstjórnir á landinu öllu gæti þess að fara eftir og framfylgja öllum ákvæðum sem að þeim snúa í lögum nr. 6/1986 um afrettarmálefni og fjallskil þannig að fjallskil verði fullnægjandi í hverju sveitarfélagi.

## Leiðir

Stjórn BÍ kanni hvar á landinu fjallskilum er helst ábótavant og hlutist til um að sveitarfélög sem þar eiga hlut að máli framfylgi skyldum sínum með tillögum til úrbóta.

## Framgangur

Stjórn BÍ vinni í samstarfi við búnaðarsambönd eða búgreinafélög að því að fá upplýsingar á landsvísu fyrir haustið. Þar sem ábótavant er verði sveitarfélögum send áskorun um úrbætur.

## Greinargerð:

Víða um land eru heimtur ekki nægilega góðar, og verið að heimta fé fram eftir vetri. Með fækkun íbúa í sveitum er þekking á smalamennsku að minnka og auk þess hafa sum sveitarfélög fækkað dagsverkum við smölun. Þetta leiðir til vandræða.

Bændasamtök Íslands eru nú að safna upplýsingum um stöðu þessara mála um land allt og vilja með bréfi þessu fara þess vinsamlega á leit að neðangreindum spurningum um framkvæmd fjallskila verði svarað fyrir hönd ykkar sveitarfélags við fyrsta tækifæri.

Mikilvægt er að réttar upplýsingar liggi fyrir um stöðu þessara mála og því er vonast eftir því að þið sjáið ykkur fært að svara sem fyrst og ekki síðar en 20. september næstkomandi

- Eru einhver vandkvæði á framkvæmd fjallskila í sveitarféluginu í samræmi við ákvæði laga um afrettamálefni, fjallskil og fleira nr. 6/1986?
- Nokkuð ber á því að útigengið fé eða hræ af slíku fé finnist í beitilöndum á ýmsum tínum að vetrinum og allt fram á vor. Þá hafa bændur sums staðar kvartað yfir slælegri framkvæmd fjallskila. Eru dæmi um slíkt þekkt í sveitarféluginu?
- Ef dæmi skv. spurningu 2. eru þekkt, eru þau vaxandi vandamál í sveitarféluginu?
- Liggja fyrir tillögur til úrbóta í sveitarféluginu, sé þeirra talin þörf, og ef svo er, hverjar eru þær helstu?

Með vinsemdu og virðingu  
f.h. Bændasamtaka Íslands

*Sigurður Eyþórsson*  
framkvæmdastjóri

